


Umbætur í kjölfar ytra mats

Í umbótaáætlun skólans eru tilteknaðar sjö aðgerðir og upphafstími aðgerða skilgreindur. Hér á eftir er gerð grein fyrir hvernig skólanum gekk að framfylgja þeim umbótum og til hvaða aðgerða var gripið.



1. Aðgerðir sem snúa að því að fá forráðamenn meira að skólastarfinu. Í umbótaáætlun voru tilteknaðar tvær aðgerðir¹ sem snúa að forráðamönnum nemenda

- a. Nemendur og forráðamenn þarf að virkja í stefnumótunarvinnu skólans.
- b. Efla þarf nemendafélag og félag forráðamanna skólans.

Í Framhaldsskólanum í skólanum er starfrækt Foreldra- og hollvinafélag og þeir stjórnarmenn sem kosnir eru hópi foreldra eða forráðamanna mynda foreldraráð sem starfar skv. 50. grein framhaldsskólalaga nr. 92 frá 2008. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.

Foreldraráð hefur verið misvirkt í skólanum frá því það var stofnað en hefur alltaf gætt að því að áheyrnarfulltrúi ráðsins í skólanefndinni sé virkur. Ráðgjafi skólans hefur séð um að kalla ráðið saman og finna einstaklinga til starfa þegar þá hefur vantað. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

¹ Í aðgerðaáætlun er einnig talað um nemendur í aðgerðunum sem beinast að forráðamönnum. En þetta eru ólíkar aðgerðir og hverjum eru gerð skil.

Hlutverk	Birtingarform
Styðja við skólafundi	Mæta á fundi og viðburði sem haldnir eru á vegum skólans.
Huga að hagsmunamálum nemenda	Styðja forvarnarstefnu skólans.
Efla samstarf foreldra og ólögráða nemenda við skólann	Styðja hvert annað með því að vera til staðar.

Til að efla og virkja forráðamenn var gripið til þeirrar aðgerðar að auka upplýsingaflæði frá skólanum til forráðamanna. Með því að senda þeim oftár tölvupósta, fréttabréf og setja inn fréttir af skólafundi á facebook.


Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs í skólanefnd hefur lýst ánægju með aukið upplýsingaflæði og hefur foreldraráð áhuga á að styðja enn betur við skólafundi með því að vera með fræðslu fyrir forráðamenn. Það hafa verið sameiginlegir fræðslufundir með forráðamönnum nemenda grunnskólans og hafa þeir tekist vel en foreldraráð vill gera enn betur.

2.

Aðgerðir sem snúa að því að virkja nemendur til að taka þátt í mótun skólafundisins. Í umbótaáætlun voru tilteknar tvær aðgerðir sem snúa að þessu atriði.

- Nemendur og forráðamenn þarf að virkja í stefnumótunarvinnu skólans.
- Efla þarf nemendafélag og félag forráðamanna skólans.

Til að efla nemendafélag og virkja meira nemendur að stefnumótun var sett upp eftirfarandi ferli og áhersla lögð á að fá sem flesta nemendur að ákvarðanatökunni og stuðla með því að auknu lýðræði.



Dags.	Aðgerð	Framkvæmd	Niðurstöður
Mars 2016	Stofna vinnuhóp með fulltrúum nemenda úr nemendafélaginu til að móta starf nemendafélagsins og auka virkni nemenda.	Skipulag skólafundar með öllum nemendum	Skólafundur-stefnumótun. Kosinn stýrihópur með breiðum hópi úr nemendahópnum til að stýra frekari starfi.
	Hverjir		
Apríl 2016	Stýrihópur ákveður verklag	Áhersla á fyrirkomulag skemmtana og forvarnir. Nýting á skólanum efir kennslu. Fyrirkomulag við móttöku nýnema og dimmisjón.	Tillögur stýrihóps kynntar fyrir nemendum og boðað til kosninga fyrir nemendafélagið.
	Með stýrihópnum störfuðu tveir starfsmenn skólans auk stjórnenda. Sett var upp facebook síða fyrir hópinn auk þess sem settir voru inn fastir fundartímar.		
Mái 2016	Kosningar til nemendafélags	Kosning	Nýtt nemendaráð
Haust 2016	Starfa eftir nýjum áherslum	Nemendaráð virkjar þær hugmyndir sem fram komu	Móttaka nýnema með áherslu á hópefli þannig að allir taki þátt. Skólaskemmtanir með öllu áfengislausar. Tími skemmtana á virkum dögum. Dimmisjón með breyttu sniði, meiri áhersla á að kveðja samnemendur. Skólinn nýttur fyrir utan kennslu og lögð áhersla á að nemendur styrki hverja aðra í lærdómnum.

3. Aðgerðir sem snúa að því að efla samstarf skólans við aðra skóla.
Í umbótaáætluninni er tiltekið að efla samstarf í nærsamfélagi skólans og einnig við aðra framhaldsskóla.


a. Efla þarf samstarf á milli skólastiga í Vestmannaeyjum.
Ákveðið var að auka samtal á milli kennara framhaldsskólans og kennara í elstu bekkjum grunnskólans.

Dags.	Aðgerð	Niðurstöður
Febrúar 2016	Málþing Efni: breytingar á framhaldsskólastiginu, námsárangur.	Halda reglulega málþing. Eykur skilning á milli skólastiga.
	Kennarar og stjórnendur FÍV, stjórnendur GRV, kennarar GRV í 10 bekk. Fulltrúar fræðslufirvalda í Vestmannaeyjum.	
Maí 2016	Samráðsfundur stærðfræðikennara FÍV og GRV	Endurskoðun á námsefni
Ágúst 2016	Samráðsfundur enskukennara FÍV og GRV	Endurskoðun á námsefni
Apríl 2017	Málþing	Kennarar og stjórnendur FÍV, stjórnendur GRV, kennarar GRV í 10 bekk.
	Kennarar og stjórnendur FÍV, stjórnendur GRV, kennarar GRV í 10 bekk.	
Ágúst 2017	Undirbúningur menntabúða	Fyrstu menntabúðir vera haldnar í Vestmannaeyjum 26.10.2017.
	Stjórnendur allra skólastiga auk símenntunarmiðstöðvar og sérfræðings.	


- b. Efla þarf samstarf við aðra framhaldsskóla
- Ákveðið var að Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum tæki þátt í samstarfi fjarmenntaskólans og varð skólinn formlegur aðili að því samstarfi í september 2017.
 - Skólinn tekur þátt í samstarfi verkmenntaskóla og tók þátt í átakinu #kvennastarf.
 - Skólinn ætlaði að taka þátt í sameiginlegri fræðslu fyrir framhaldsskólakennara á Suðurlandi, haldið á Selfossi, kennarar komust ekki vegna þess að engar samgöngur voru við Eyjar.
 - Skólinn ætlaði að taka þátt í sameiginlegri námskynningu fyrir nemendur á suðurlandi, haldið á Selfossi. Ekkert varð að þeirri ferð þar sem engar samgöngur voru við Eyjar.

4. Aðgerðir sem snúa að verklagsreglum. Í umbótaáætluninni er fjallað um tvær aðgerðir sem snúa að verklagi.
5.
 - a. Skerpa þarf á hlutverki sjálfsmatshóps og setja honum verklagsreglur.

Skólinn notar Samhæft árangursmat við sjálfsmat



Í skólanum starfar gæðaráð sem hefur það hlutverk að fylgja eftir gæðastefnu skólans. Í gæðaráði er verkefnastjóri gæðamála og stýrir hann jafnframt sjálfsmatshópi skólans. Sett var upp verklagsregla innra mats sem tekur til starfa sjálfsmatshóps.



b. Skilgreina viðbrögð vegna brotthvarfs nemenda.

Vorið 2016 fékk Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum styrk til aðgerða sem miðuðu að því að minnka brottfall við skólann. Meginmarkmið verkefnisins var draga enn meir úr brotthvarfi við skólann. Unnið hafði verið markvisst að því að minnka brotthvarfið og hafði sú vinna skilað sér í því að brotthvarf var komið niður fyrir 7%. Mikil og góð vinna fór í að styðja við bakið á þeim nemendum sem stóðu höllum fæti í náminu og almennt utanumhald við þá nemendur sem voru af ýmsum ástæðum líklegir til þess að hverfa frá námi. Þrátt fyrir þessa miklu vinnu og að brotthvarf hafði minnkað töluvert var enn stór hópur nemenda sem ekki var að skila sér á milli anna. Án þess að draga úr fyrri aðgerðum, sem augljóslega voru að skila góðum árangri, var ákveðið að bæta við aðgerðum sem gætu enn og betur dregið úr brotthvarfi.

Ein aðgerðin í verkefninu miðaði að því að styrkja fagvitund kennara og gera þá meðvitaðri og hæfari til þess að koma auga á og grípa inn í ferlið þegar nemendur byrja að missa fótanna í náminu. Með því að auka fagþróun kennara var einnig stefnt að því að fjölbreytni kennsluáferða mundi aukast og að framsetning námsefnis yrði nútímavænni svo hægt væri að mæta ólíkum þörfum og væntingum nemenda og þar með viðhalda áhuga þeirra á náminu. Kennurum skólans var skipt upp í fjóra hópa eftir fagþekkingu og kennslu áfanga þar sem rætt var hvað kennara gætu gert til að auka námslega skuldbindingu nemenda. Hóparnir báru síðan saman niðurstöður sínar og í framhaldinu var m.a ákveðið að virkja þyrfti kennara til að nýta námsumhverfis skólans (Innu) betur og auka þannig aðgengi nemenda að námsefni, verkefnum og ekki síður námsframvindu

sinni. Regluleg úttekt var á notkun kennara á námsumhverfinu Innu og þeir hvattir til að nýta það vel. Alls voru haldnir fimm samráðsfundir kennara varðandi þetta á árinu 2016 og farið yfir stöðu mála. Þetta skilaði sér í því að virkni og nýting kennara á Innu jókst til muna.

Annar liður verkefnisins var að byggja upp styðjandi og gott námsumhverfi og stuðla þannig að aukinni samsömun nemenda við skólann. Ráðist var í breytingar á námsumhverfi skólans og vinnuaðstaða nemenda bætt, stærri rými voru opnuð og kennslustofur rýmdar fyrir sérstök hópvinnuherbergi. Þessum breytingum tóku nemendur fegins hendi og skólastarfið fór að verða sýnilegra enda nemendur nú að vinna saman í opnum rýmum skólans. Kennarar nýttu sér einnig þessi rými og nemendur gátu því séð kennara að störfum við undirbúning og yfirferð sem áður hafði ekki sést. Segja má að skilaboðin með þessu hafi verið að skólinn er vinnustaður okkar allra. Við lok haustannar 2016 báðu nemendur um að fá aðgengi að skólanum utan hefðbundins opnunartíma hans svo þeir gætu nýtt sér aðstöðuna til þess að læra saman. Við þessu var brugðist, nemendur fengu aðgang að skólanum fram eftir kvöldi (oftast til kl.23) og nýttu sér það mjög vel. Kennarar skiptu því með sér að standa vaktina og vera aðgengilegir fyrir nemendur. Kennslustofur, opin rými, bókasafn, salur og kaffistofa kennara voru fullar af nemendahópum sem lærðu saman og kenndu hver öðrum. Af þessu mátti merkja að nemendur væru með aukna námslega skuldbindingu, jákvæðari námshegðun, metnaður væri að aukast og samsömun við skóla væri meiri. Bæði kennarar og aðrir starfsmenn skólans voru sammála um að breytingar í kjölfar aðgerða gegn brotthvarfi væru hluti af þessari góðu skólamenningu sem nú hafði myndast.

Þegar verkefninu lauk var brotthvarf við skólann komið undir 5% sem er sögulegt lágmark og því óhætt að segja að aðgerðir hafi virkað þótt ekki sé hægt að segja að eingöngu þær hafi skilað þessum góðu niðurstöðum. Að lokum er vert að nefna að eftir þær aðgerðir sem farið hefur verið í undanfarið hefur það komið berlega í ljós að námskeið duga ekki ein og sér, starfsmenn þurfa hvatningu og vilja til auka sína fagmennsku. Ef viljinn er ekki fyrir hendi eru litlar líkur á því að viðkomandi komi til með að nýta sér efni námskeiðsins í starfi.

6. Aðgerðir sem snúa að því að bæta búnað í raungreinastofu.

Raungreinakennari fór yfir þann búnað sem til var til að kenna raungreinar, gerði tillögu um þann búnað sem bæta þurfti við og var hann keyptur.